

Beethoven- hringurinn IV

.....
FIMMTUDAGUR 07.06.12

FÖSTUDAGUR 08.06.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sinfónía nr. 8 er tæplega hálf tíma löng en Sinfónía nr. 9 tekur ríflega klukkustund í flutningi.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR



GAMMA

BEETHOVEN-HRINGURINN IV

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. OG 8. JÚNÍ 2012 KL. 19.30

Hannu Lintu hljómsveitarstjóri

Hulda Björk Garðarsdóttir, Nathalía Druzin Halldórsdóttir,

Andrew Kennedy, Ágúst Ólafsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 8 í F-dúr op. 93 (1812)*

Allegro vivace e con brio

Allegretto scherzando

Tempo di Menuetto

Allegro vivace

Hlé

Ludwig van Beethoven *Sinfónía nr. 9 í d-moll, op. 125 (1824)*

Allegro ma non troppo e un poco maestoso

Molto vivace

Adagio molto e cantabile

Presto – Allegro assai – Andante maestoso –

Allegro energico – Presto

Hannu Lintu

hljómsveitarstjóri



Hannu Lintu nam selló- og píanóleik við Sibeliusar-akademíuna í Finnlandi og lærði hljómsveitarstjórn hjá Eri Klas og Jorma Panula. Hann bar sigur úr bítum í Norrænu stjórnandakeppninni í Bergen árið 1994 og hefur síðan stjórnað mörgum helstu hljómsveitum Norðurlanda og víðar, m.a. Fílharmóníunni í Bergen, Dönsku útvarpshljómsveitinni, Konunglegu fílharmóníunni í Stokkhólmi og Kammersveitinni í Lausanne. Hann hefur auk þess stjórnað víða í Bandaríkjunum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles, og símfóníuhljómsveitunum í Baltimore, Pittsburgh, St. Louis og Washington D.C. Þá hefur hann stjórnað meðal annars í Malasíu, Japan, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Lintu gegnir starfi aðalstjórnanda við Fílharmóníuhljómsveitina í Tampere í Finnlandi og mun taka við stjórn Finnsku útvarpshljómsveitarinnar í Helsinki haustið 2013.

Lintu hefur stjórnað fjölmörgum óperuuppfærslum, meðal annars *Carmen* eftir Bizet og *Töfraflautu* Mozarts við Finnsku þjóðaróperuna, og tónleikaflutningi á *Gianni Schicchi* eftir Puccini í Chicago. Hann hefur hljóðritað fyrir Ondine og Naxos, meðal annars tónlist eftir Einojuhani Rautavaara og Kaiju Saariaho. Lintu kom síðast til Íslands í desember síðastliðnum og stjórnaði þá fyrstu fimm símfóníum Beethovens á tvennum tónleikum í Hörpu.

Hulda Björk Garðarsdóttir

sópran



Hulda Björk Garðarsdóttir sópran er fædd á Akureyri. Eftir nám sitt við Tónlistarskólann í Eyjafirði og Söngskólann í Reykjavík, nam hún við Hochschule der Künste í Berlín og Royal Academy í London þaðan sem hún lauk einsöngvaraprófi. Síðan námi lauk hefur hún tekið virkan þátt í tónlistarlífinu á Íslandi. Hún hefur sungið á Listahátíð í Reykjavík, verið gestur á Reykholtshátíð, sungið ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og komið fram sem einsöngvari á ýmsum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hulda Björk hefur komið fram á tónleikum og sumarhátíðum víða um Evrópu og í Kanada. Hún hefur sungið burðarhlutverk við Norsku Óperuna í Osló, Malmö óperuna í Svíþjóð, Garsington Opera í Englandi og við Íslensku óperuna þar sem hún var fastráðin um tíma. Óperuhlutverk hennar eru meðal annars Mimi í *La Bohème*, Governess í *Tökin hert*, Violetta í *La Traviata*, Micaela í *Carmen*, Susanna í *Brúðkaupi Fígarós*, Fiordiligi í *Così fan tutte*, Jenufa í samnefndri óperu Janaceks og Anne Trulove í *Flagara í framsókn*. Fyrir það hlutverk hlaut hún tilnefningu til Grímuverðlaunanna árið 2007. Nú nýverið tók Hulda Björk á móti heiðursviðurkenningu ARAM frá Konunglegu Tónlistarakademíunni í Englandi vegna söngferils síns.

Nathalía Druzin Halldórsdóttir

mezzósópran



Nathalía Druzin Halldórsdóttir mezzósópran hóf söngnám í St. Pétursborg í Rússlandi ung að aldri og lauk 8. stigs prófi árið 2006 frá Nýja Tónlistarskólanum. Aðalkennari hennar hefur verið Alina Dubik mezzósópran. Nathalía hefur tekið þátt í óperuuppfærslum á vegum Sumaróperunnar, Íslensku óperunnar og hjá Óperustúdíói Íslensku Óperunnar. Nathalía hefur haldið einsöngstónleika víða meðal annars í Kaldalónssal Hörpu, Salnum í Kópavogi, Sigurjónssafni, Laugarneskirkju, Seltjarnarneskirkju og í Gerðubergi. Hún er einnig hluti af Íslenska sönglistahópnum sem haldið hefur tónleika í Gamla bíói og Iðnó. Nathalía hefur síðast liðin tvö ár sungið á fjölmörgum tónleikum á vegum CCCR þar sem íslensk einsöngslög eru kynnt fyrir erlendum ferðamönnum. Hún tók þátt í tónlistardagskránni „Svanurinn minn syngur“ í Gerðubergi sem tileinkuð var skáldkonunni Höllu Eyjólfsdóttur og Sigvalda Kaldalóns tónskáldi. Í janúar 2009 kom hún fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í október 2010 varð Nathalía í þriðja sæti í Torneo Internazionale di Musica tónlistarkeppninni sem haldin er annað hvert ár í Veróna á Ítalíu. Í mars síðast liðinn söng Nathalía á tónleikum í Tíbrárröð Salarins þar sem meðal annars var fluttur flokkurinn *Úr gyðinglegum alþýðukveðskap* op. 79 eftir Dimitri Sjostakovits.

Andrew Kennedy

tenór



Andrew Kennedy er einn eftirtektarverðasti tenór í Bretlandi af yngri kynslóðinni. Kennedy vann hin virtu Rosenblatt Recital verðlaun í heimskeppni ungra söngvara á vegum BBC í Cardiff árið 2005 og nokkru fyrr hampaði hann fyrstu verðlaunum í Händel-keppninni í London. Árið 2006 vann hann til verðlauna Konunglegu Fílharmóníunnar sem veitt eru ungu listafólki, ásamt því að vera þátttakandi í verkefni BBC sem bar yfirskriftina New Generation Artists Scheme. Kennedy sem nam við King's College í Cambridge og The Royal College of Music í London hefur hlotið mikið lof fyrir nákvæmni og fágun í söng sínum. Rödd hans þykir mjúk, tæknin afburða góð og túlkun hans og flutningur sérlega lipur. Meðal óperuhlutverka sem Kennedy hefur sungið eru Tamino í *Töfraflautunni*, Ferrando í *Così fan tutte*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Peter Quint í *Tökin hert*, Jaquino í *Fidelio*, Francesco í *Benvenuto Cellini* og Max í *Galdraskyttunni* undir stjórn Sir Johns Eliot Gardiner. Kennedy hefur verið virkur flytjandi kirkjutónlistar en hann tók þátt í uppfærslu á ótatóríunni *Il Trionfo* eftir Händel með The Gabrieli Consort and Players undir stjórn Paul McCreesh. Kennedy er tíður gestur í tónleikahúsum á Bretlandseyjum og í Evrópu en hann söng *The Spirit of England* eftir Elgar árið 2007 á lokakvöldi BBC Proms-tónlistarhátíðarinnar í London og mun syngja *Níundu sinfóníuna* með Fílharmóníuhljómsveitinni í London innan tíðar.

Ágúst Ólafsson

bassi



Ágúst Ólafsson stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eiði Á. Gunnarssyni og síðan við Sibelíusar Akadémíuna hjá Jorma Hynninen og Sauli Tiilikainen. Ágúst sótti tvenn meistaranámskeið hjá sópransöngkonunni Elísabetu Schwarzkopf og um tíma reglulega einkatíma hjá henni. Ágúst hefur sungið á ljóðasöngstónleikum víða meðal annars í Filharmonie í Berlín og Wigmore Hall í Lundúnum. Hlutverk Ágústs hjá Íslensku óperunni eru m.a. titilhlutverkið í óperutryllinum *Sweeney Todd*, Papagenó í *Töfraflautunni*, hlutverk Skuggans í *Flagara í framsókn* og Belcore í *Ástardrykknum* haustið 2009 en fyrir síðastnefnda hlutverkið hlaut hann Grímuverðlaunin sem söngvari ársins. Síðast liðið sumar flutti Ágúst þrjá ljóðaflokka Schuberts ásamt píanóleikaranum Gerrit Schuil á þrennum tónleikum á Listahátíð. Flutningur Ágústs og Gerrit á þessum meistaraverkum tryggði þeim Íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjendur ársins, en Ágúst hefur áður verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna; 2008 sem flytjandi ársins og 2010 sem rödd ársins. Í vor fór Ágúst með hlutverk Marcello í sýningum Íslensku óperunnar á *La Bohème* í Hörpu.

Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur frá stofnun árið 1982 verið meðal fremstu kóra Íslands. Á verkefnalista kórsins má finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur, en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum. Þá hefur kórinn frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur oft sinn lagt í tónleikaferðir til Evrópu og Norður-Ameríku og tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum. Hann vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi árið 1996. Síðast liðið haust hélt kórinn tónleika í Austurríki og Þýskalandi, meðal annars í tengslum við bókasýninguna í Frankfurt. Söng kórsins má heyra á mörgum geisladiskum. Nefna má plötur á vegum sænska útgáfufyrirtækisins BIS með verkum Jóns Leifs, Ljósíð þitt lýsi mér, sem inniheldur íslenska kirkjutónlist, og diska með *Requiem* eftir Maurice Duruflé og *Passíu* eftir Hafliða Hallgrímsson, en þeir hlutu báðir afar lofsamlega dóma í virtum erlendum blöðum. Jólplötur kórsins hafa notið mikilla vinsælda; sú nýjasta, Heilög stund á jörð, kom út fyrir síðustu jól en þar syngur Kristinn Sigmundsson með kórnum. Mótettukór Hallgrímskirkju hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn tók þátt í frumflutningi á *Sinfóníu nr. 2* eftir Atla Heimi Sveinsson árið 2006 og flutti óratóríur Felix Mendelssohns, *Elía*, árið 2003 og *Paulus* árið 2007 með hljómsveitinni undir stjórn Harðar Áskelssonar. Kórinn söng í *c-moll messu* Mozarts nú í mars með Sinfóníuhljómsveitinni undir stjórn Pauls McCreech og endurtók leikinn með *Requiem* Mozarts að auki á tvennum afmælistónleikum í apríl, en kórinn fagnar 30 ára afmæli sínu í ár. Að jafnaði syngja tæplega 60 söngvarar í Mótettukórnum en fyrir þessa tónleika var kórinn stækkaður með því að bjóða gömlum félögum að slást í hópinn til að fagna afmælinu. Á tónleikunum í kvöld eru jafnvel dæmi um að í kórnum séu uppkomin börn fyrrverandi kórfélaga, svo að hér er um vinfund og hálfgerð ættarmót að ræða.

Hörður Áskelsson

kórstjóri



Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Düsseldorf í Þýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlega orgelsumarsins. Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórnum hefur hann flutt flestar helstu perlor kórbókmenntanna bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum og má nefna *Passíu* eftir Hafliða Hallgrímsson, óratóriuna *Cecilíu* eftir Áskel Másson og Thor Vilhjálmsson og *Fléttu* eftir Hauk Tómasson. Sem organisti hefur Hörður haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu, meðal annars í Köln, París og Helsinki. Hann hefur hlotið margs háttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2001, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002. Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985-1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður gegndi embætti Söngmálastóra þjóðkirkjunnar árin 2005-2011.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 8



Ludwig van Beethoven (1770–1827) átti það til að vinna samtímis að tveimur verkum í sama formi sem þó eru gjörólík að innihaldi. Árið 1807 voru það fimmta og sjötta sinfónían – önnur hádramatísk, hin afslöppuð lýsing á degi í sveitinni – sem áttu hug hans allan. Fimm árum síðar var hann aftur með tvær sinfóníur í smíðum, þá sjöundu, sem er síðasta „stóra“ sinfónía hans fyrir hljómsveit eingöngu, og áttundu sinfóníuna sem er um margt óvenjuleg. Beethoven hafði um árabíl unnið að því að víkka þanþol sinfóníuformsins með lengri og kröfuharðari verkum, en sú áttunda er stysta sinfónía hans að þeirri fyrstu undanskilinni; afturhvarf til gáskans og glettninnar sem finna má hjá Haydn en sem minna fer fyrir í síðari verkum hins alvörugfna Beethovens.

Beethoven samdi áttundu sinfóníuna að mestu leyti sumarið 1812, þegar hann dvaldi í Teplitz og Karlsbad sér til hressingar. Á fyrrnefnda staðnum hitti hann skáldjöfurinn Goethe, og er sagt að Beethoven hafi fundist hann óþarflaga undirgefinn aðlinum sem dvaldi þar á sama tíma. Vinkona Beethovens, Bettina Brentano, minntist þess að eitt sinn hefðu skáldin verið á göngu um bæinn þegar keisaraynjan reið hjá í fylgd hertoga og hirðmanna. Goethe tók ofan hattinn og beygði sig niður í götu, en Beethoven strunsaði áfram án þess að sýna minnsta virðingavott. „Það eru þúsundir aðalsfólks um allan heim,“ sagði Beethoven þegar skáldið bað hann að skýra hegðan sína, „en við eigum enga okkar líka.“

Beethoven var hæstánægður með nýju sinfóníuna og stjórnaði frumflutningnum sjálfur í Víenaborg 27. febrúar 1814 þrátt fyrir dvínandi heyrn. Carl Czerny, sem þá var nemandi Beethovens, lét í ljós furðu sína á því að sú áttunda hafi ekki hlotið jafn góðar viðtökur í Víenaborg og sú sjöunda. Þá á Beethoven að hafa svarað: „Það er af því sú áttunda er svo miklu betri!“

Áttunda sinfónían byrjar á fullri ferð. Hér er enginn hægur inngangur, engir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Áttunda sinfónía Beethovens hefur hljómað 15 sinnum í flutningi SÍ, fyrst í Austurbæjarbíói 1954 undir stjórn Olavs Kielland. Síðan hafa m.a. stjórnað sinfóníunni þeir Václav Smétacek (1958), Vladimír Ashkenazy (1972) og Thomas Sanderling (1986). Síðast hljómaði hún í Háskólabíói í desember 2008 undir stjórn Michals Dworzynski.

mikilfenglegir upphafshljómar sem undirbúa það sem koma skal; Beethoven byrjar á frísklegu stafi í hröðu tempói. Atburðirnir gerast á ógnarhraða og tónskáldið nýtur þess að beina stuttum hendingunum inn á ófyrirséðar brautir. Ekki líður á löngu þar til aðalstefið villist af leið; Beethoven endurtekur sama hljóminn aftur og aftur, og lætur hann deyja út í algjöra þögn áður en allt fer af stað á ný. Síðan leika fyrstu fiðlur síðara aðalstefið í „vitlausri“ tóntegund áður en þær rétta sig af með snaggaralegri módúlásjón.

Annar kaflinn er frægur fyrir tifandi undirleik blásaranna í upphafi, sem einkennist af allt að því metrónomískri nákvæmni. Lengi var talið að hér væri Beethoven að vitna í gamansaman kanón sem hann átti að hafa samið vorið 1812 til heiðurs Johanni Nepomuk Mälzel, þeim sem fann upp taktmælinn. Keðjusöngurinn *Til Mälzels* WoO 162 er fjörugt verk við bjánalegan texta („Ta ta ta ... lieber Mälzel, leben Sie wohl, sehr wohl!“), en fyrir nokkrum árum var sýnt fram á að hann væri fölsun eftir Anton Schindler, sem var kunningi Beethovens í Vínarborg og fór býsna frjálsglega með staðreyndir að tónskáldinu látnu.

Þriðji þáttur er ekki hratt scherzó eins og þau sem Beethoven hafði áður samið í sinfóníur sínar, heldur yfirvegaður menúett. Beethoven hafði ekki samið slíkan kafla síðan í strengjakvartettinum op. 59 nr. 3, árið 1806, og þetta var í síðasta sinn sem hann lét menúett fylgja stóru verki. Hér leikur Beethoven sér með rytmabrellur að hætti Haydns, en í tríóinu er hornið í aðalhlutverki og þá verður tónlistin alvarleg, falleg og leyndardómsfull til skiptis.

Í lokapættinum er brandarakarlinn Beethoven aftur við stjórnvölinn. Tónlistin byrjar hratt en ofurveikt og verður veikari eftir því sem á líður. Að lokum leysist hún upp í þagnir með einstaka nótum á stangli. Þögnin er rofin af þrumandi tóni í allri hljómsveitinni, eins og Beethoven reki tunguna framan í áheyrendur

áður en hann heldur áfram með upphafsstefið sem nú er leikið *fortissimo*. Þessi þrumusterki tónn hefur ýmsar afleiðingar fyrir áframhaldið og gefur Beethoven leyfi til að skauta frjállega milli óskyldra tóntegunda eins og ekkert sé. Enda þarf heila 53 takta af sterkum og afgerandi grunn- og forhljómunum á víxl í lokatöktunum til að fullvissa áheyrendur um að heimahöfninni sé náð og að Beethoven sé hættur að grínast – í bili.

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 9



Níunda sinfónía Beethovens er eitt þekktasta tónverk allra tíma. Hún er stórfenglegt afrek mannsandans hvernig sem á hana er litið, vonartákn um sameinað mannkyn og hugsjónir frelsis, jafnréttis og bræðralags. Hlutverk hennar og áhrif í nútímasamfélagi eru af margvíslegum toga: Óðurinn til gleðinnar hefur verið einkennisstef Evrópusambandsins frá 1986 og sunginn við alla Ólympíuleika síðan 1956; handrit Beethovens hefur staðið á heimsminjaskrá UNESCO síðan 2001. Þá segir sagan að þegar Sony þróaði hljómdiskinn við upphaf níunda áratugar síðustu aldar hafi ákvörðunin um þvermál og geymslugetu nýja miðilsins verið tekin beinlínis með það fyrir augum að Níunda sinfónían gæti rúmast á einum slíkum.

Í sögulegum skilningi er Níunda sinfónían þó fyrst og fremst verk andófs. Þegar veldi Napóleons Bonaparte hrundi til grunna og konungdæmi tók aftur við fór í hönd tími afturhalds og kúgunar. Austurríki varð höfuðvígi nýrrar íhaldsstefnu undir stjórn kanslarans Clemens von Metternich. Njósningar voru á hverju strái, skipulögð njósnastarfsemi fór fram um kennara við háskóla landsins og ströng ritskoðunarlæg tóku gildi. Beethoven fór ekki varhluta af þessum óvæntu samfélagsbreytingum fremur en aðrir. Læknir hans, Karl von Bursy, lýsti skömmunum sem á honum dundu í heimsókn til tónskáldsins í júní 1816: „Hann ólgaði af reiði. Hann býður öllu byrginn og er ósáttur við allt, blótar Austurríki og ekki síst Vínarborg í sand og ösku. Hér eru allir ópokkar, og engum hægt að treysta.“

Gleðióður Friedrichs Schillers var ekki nýr af nálinni þegar Beethoven fékk þá hugmynd að tónsetja hann á árunum 1821–24. Kvæði Schillers hafði birst í fyrsta sinn á prenti 1786, í aðdraganda frönsku byltingarinnar, og þótti nokkuð róttækt á sinni tíð. En þremur áratugum síðar var allt breytt; óðurinn sem Beethoven las með áfergju á unglingsárum var orðinn úreltur og löngu gleymdur. Í grunninn var það ætlun Beethovens með Níundu sinfóníunni að endurvekja týndar hugsjónir æskuára

sinna. Hún var sterk pólitísk yfirlýsing, vantraust á pólitískt ofríki samtímans og afturhvarf til draums upplýsingaraldarinnar um hið fullkomna ríki sem aldrei varð. Í Níundu sífóníunni neitar Beethoven að setta sig við ósigur gamalla hugsjóna og tekur í svipaðan streng og Jónas Hallgrímsson rúmum áratug síðar: „Hvað er þá orðið okkar starf...?“

Upphaf *Níundu sífóníunnar* er dularfullt og órætt. Við heyrum varla hvenær verkið hefst í raun og veru; titrandi fimmundirnar í strengjunum hljóma eins og þær hafi alltaf verið til staðar, eins konar frumhljómur alheimsins, ómótað kaos sem smám saman tekur á sig form, stjörnuryk og smáagnir sveimandi í þyngdarlausu tómi. Aldrei áður hafði sífónía byrjað jafn veikt, og verið jafn lengi að koma sér í gang. Síðar urðu slík upphöf hversdagsleg fyrirbæri í höndum síðrómantískra tónskálda sem litu á það sem skyldu sína að skapa „heilan heim“ í sífóníum sínum. Skyndilega brýst aðalstefið fram, fullmótað og alvörubrungið. Að lokinni úrvinnslu, þar sem Beethoven leikur sér að helstu stefjunum, hljóma upphafstónarnir á nýjan leik, en nú leiknir *fortissimo* af allri hljómsveitinni, með dynjandi pákum. Þetta er tími ógnar og örvæntingar; breski tónlistarfræðingurinn Donald Francis Tovey sagði um þennan stað að hann opinberaði „hinn gífurlega mátt upphafstónanna. Nú erum við stödd í þeim miðjum, og í stað fjarlægðar stjörnuþoku sjáum við himnana loga“.

Í verkum þar sem hægi kaflinn var óvenju breiður og langur, eins og hér er raunin, var það vani Beethovens að setja hann í þriðja sæti og láta hraðan scherzokafla koma beint í kjölfar fyrsta þáttar. Scherzo *Níundu sífóníunnar* þýtur áfram á ógnarhraða en hefur um leið yfir sér alvarlegan, strangan blæ. Þriðji þáttur er djúphugull og ljóðrænn; vel þegin hvíld eftir átök fyrstu tveggja kaflanna.

Lokaþátturinn hefst með skerandi ópi sem Richard Wagner kallaði

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt Níundu sínfóníu Beethovens níu sinnum, og í hvert sinn hefur þurft fleiri en eina tónleika til að anna eftirspurn. Róbert A. Ottósson stjórnaði verkinu í fyrsta sinn á Íslandi árið 1966, og aftur 1970. Síðast lék Sinfóníuhljómsveitin Níundu sínfóníuna í heild á opnunartónleikum sínum í Hörpu 4. maí 2011 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy.

„Schreckensfanfare“, hryllingsþytinn. Eftir friðsælt niðurlag þriðja þáttar kemur gauragangurinn algjörlega í opna skjöldu. Fram að þessu hefur sínfónían stöðugt reynt á þanþol hins sínfóníska forms, en nú virðast öll sund lokuð. Beethoven kynnir aftur til sögunnar stefin úr fyrstu þremur þáttunum, en sellóin og kontrabassar neita að taka þátt í hinu óvænta afturhvarfi og afþakka hvern bítinn á eftir öðrum með einleiksstrófu sem virðist fremur eiga heima á óperusviði en á tónleikapalli. Skyndilega heyrast brot úr nýju stafi í tréblásurum, og áður en við vitum af er vandamálið leyst – neðri strengirnir taka að leika nýtt stef – gleðistefið – og nú er sem allt hafi fallið í ljúfa löð. Eða hvað? Eftir þrjú tilbrigði fer allt í háaloft enn eina ferðina. Boðskapur hins nýja stefs er enn ekki fullkomlega ljós. Það vantar texta, tónlistin ein megnar ekki að tjá allt sem Beethoven býr í brjósti á þessari stundu. Skyndilega brýst bassasöngvarinn fram með frumortan texta tónskáldsins: „Ó, vinir, ekki þessa tóna!“

Héðan í frá gengur allt eins og í sögu. Boðskapurinn er fundinn, en það þurfti mikið til, meiriháttar byltingu raunar, því kór og einsöngvarar áttu ekki „heima“ í sínfóníu árið 1824. Nú taka við önnur sex tilbrigði um gleðistefið, þar af eitt í „tyrkneskum“ stíl, með slagverki tyrknesku herlúðrasveitanna sem höfðu verið eftirlæti Vínarbúa allt frá tímum Mozarts. Karlaraddir kynna til sögunnar nýtt og hægara stef, „Seid umschlungen, Millionen!“. Hér er sjónarhornið annað: gleðin sem guðsgjöf, sem lyftir huganum upp í hæstu hæðir. Beethoven krefur söngvarana um að syngja á hæsta tónsviði, eins og raddirnar eigi beinlínis að teygja sig upp í himinhvolfið, og síendurteknir flaututónarnir glitra eins og stjörnur. Ekki erum við fyrr lent á fastri jörð en Beethoven teflir fram sínu stærsta trompi, og lætur tvö aðalstef kaflans – „Seid umschlungen“ og gleðistefið – hljóma um leið, sem fúgu. Nú verður ekki lengra komist, en fjörugt niðurlagið teygir sig sífellt

lengra, eins og Beethoven eigi erfitt með að segja skilið við gleðivímuna sem hann hefur byrjað sjálfum sér og öllum þeim sem á hann hlusta.

Níunda sínfónía Beethovens er stórfenglegt listaverk, hvort sem metið er út frá músíkölskum eða hugmyndafræðilegum forsendum. Hún er tónverk með háleitan tilgang. Friedrich Nietzsche segir um sínfóníuna í bók sinni, *Fæðing harmleiksins*: „Nú, þegar guðspjall hins guðlega samhljóms hefur opinberast okkur í tónum, mun hver einstaklingur ekki aðeins sættast við náunga sinn heldur sameinast honum í anda.“ Enn eru menn þó sviptir frelsi, og enn eru reistir múrar. Kannski er raunverulegur boðskapur *Níundu sínfóníunnar* á nýrri öld einmitt sá að sofna ekki á verðinum, heldur standa vörð um hugsjónirnar sem aldrei fyrr. *Níunda sínfónía* Beethovens er ljós í myrkrinu, hún talar til okkar ofar stund og stað og minnir okkur á hvernig heimurinn gæti orðið ef mannkynið bæri gæfu til að koma sér saman um þá hluti sem raunverulega skipta máli.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

AN DIE FREUDE

O Freunde, nicht diese Töne!
Sondern laßt uns angenehmere anstimmen,
und freudenvollere!

Ludwig van Beethoven

Freude, schöner Götterfunken,
Tochter aus Elysium!
Wir betreten feuertrunken,
Himmlische, dein Heiligtum!
Deine Zauber binden wieder,
was die Mode streng geteilt,
alle Menschen werden Brüder,
wo dein sanfter flügel weit.

Wem der große Wurf gelungen,
eines Freundes Freund zu sein,
wer ein holdes Weib errungen,
mische seinen Jubel ein!
Ja, wer auch nur eine Seele
sein nennt auf dem Erdenrund!
Und wer's nie gekonnt, der stehle
weinend sich aus diesem Bund!

Freude trinken alle Wesen
an den Brüsten der Natur,
alle Guten, alle Bösen
folgen ihrer Rosenspur.
Küße gab sie uns und Reben,
einen Freund geprüft im Tod:
Wollust ward dem Wurm gegeben,
und der Cherub steht vor Gott.

TIL GLEÐINNAR

Æ, vinir, ekki þessa tóna!
Syngjum heldur ljúfari söngva,
og gleðilegri!

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér!
Í þinn hásal hrifnir eldi,
heilög gyðja, komum vér.
Þínir blíðu töfrar tengja,
tízkan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndis-vængjum þínum nær.

Hver þann dýrgrip hefir hlotið,
hjärtans vin að eiga sér,
hver, sem festi friðan svanna,
fagran, syngi nú sem vér, -
já, hver aðeins eina sálu
eignar sér um víða storð, -
hinn, sem enga á, skal kveðja
angurstárum þetta borð!

Gleði fyrir allt, sem andar,
allífs-brjóstið, móðir vor:
allir góðir, allir vondir
elta gleði blóma-spor.
Oss hún veitir vín og kossa,
vínar-faðm, sem tryggð ei brá,
munað gaf hún minnsta ormi,
mesta seraf Guð að sjá.

Froh, wie seine Sonnen fliegen
durch des Himmels prächt'gen Plan,
laufet, Brüder, eure Bahn,
freudig, wie ein Held zum Siegen!

Seid umschlungen, Millionen!
Diesen Kuß der ganzen Welt!
Brüder! übern Sternenzelt
muß ein lieber Vater wohnen.

Ihr stürzt nieder, Millionen?
Ahnest du den Schöpfer, Welt?
such' ihn überm Sternenzelt!
Über Sternen muß er wohnen.

Freude, schöner Götterfunken,
Tochter aus Elysium!
Wir betreten feuertrunken,
Himmlische, dein Heiligtum!
Deine Zauber binden wieder,
was die Mode streng geteilt,
Alle Menschen werden Brüder,
wo dein sanfter Flügel weilt.

Friedrich Schiller

Glatt um hæstu himinleiðir
hennar sólr renna braut:
glaðir áfram gegnum þraut,
bræður, sem á sigurskeiði!

Dansið heimar himinglaðir:
hingað, veröld, þiggðu koss!
yfir sólna sól og oss
sannlega lifir góður faðir!

Krýpur lífsins lið að foldu?
Lyft þér, sál, til Skaparans:
leita hátt til himna-ranns,
hann er ofar engla-foldu!

Fagra gleði, guða logi,
Gimlis dóttir, heill sé þér!
í þinn hásal hrifnir eldi,
heilög gyðja, komum vér.
Þínir blíðu töfrar tengja,
tízkan meðan sundur slær;
allir bræður aftur verða
yndis-vængjum þínum nær.

Matthías Jochumsson þýddi

Á döfinni

Fimmtudagur 14. júní kl. 19:30

Sungið af hátindinum



Jón Nordal *Adagio*

Alban Berg *Altenberg-Lieder*

W.A. Mozart *Non mi dir, úr Don Giovanni og Misera, dove son, K. 369*

Franz Schubert *Ófullgerða sinfónían*

Ilan Volkov *hljómsveitarstjóri*

Christine Schäfer *einsöngvari*

Christine Schäfer er ein dáðasta sópransöngkona Þýskalands. Í meira en áratug hefur hún sungið á öllum helstu óperuhúsum heims; hefur m.a. sungið öll stóru Mozarthlutverkin á Salzburgar-hátíðinni, og nýverið söng hún hlutverk Sophie í *Rosenkavalier* í Metropolitan-óperunni þar sem hún þurfti að verjast ágengni Kristins Sigmundssonar í hlutverki Ochs baróns. Hún hlaut Gramophone-verðlaunin fyrir hljómdisk sinn með sönglögum Schumanns, og meðal nýjustu diska hennar eru aríur Bachs fyrir Deutsche Grammophon, þar sem hún kemur fram ásamt Hilary Hahn. Meðal nýlegra sigra henna á óperusviðinu eru hlutverk Víolettu í *La Traviata* við Garnier-óperuna í París, og Konstansa í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* við Berlínaróperuna.

Auk þess hljóma á tónleikunum tvö hljómsveitarverk. *Adagio* eftir Jón Nordal var frumflutt á Sinfóníutónleikum árið 1966 og hefur allar götur síðan þótt eitt hans allra besta verk: fágað, ljóðrænt og heilsteypt. Það er auk þess í uppáhaldi hjá nýjum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar sem óskaði sérstaklega eftir því fá að stjórna því á fyrsta ári sínu við stjórnvölinn.

Ófullgerða sinfónía Schuberts er síðan lokapunkturinn aftan við starfsár hljómsveitarinnar að þessu sinni. *Ófullgerða sinfónían* er „ólík allri annari tónlist sem áður hafði heyrst“, sagði tónlistargagnrýnandinn Michael Steinberg, og enn í dag tekst henni að lyfta hlustendum upp í æðra veldi með töfrum sínum.

KÓRFÉLAGAR Á TÓNLEIKUM

7. og 8. júní 2012

SÓPRAN

Alexandra Kjeld
Anna Kristín Guðmundsdóttir
Anna Samúelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ása Bryndís Guðmundsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ása Valgerður Sigurðardóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Ásta Hrönn Maack
Ásta Marý Stefánsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Björg Þórsdóttir
Bryndís Erlingsdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halldóra Viðarsdóttir
Helga Margrét Ferdinandsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Inga Harðardóttir
Ingibjörg Eyþórsdóttir
Ingibjörg Friða Helgadóttir
Jacqui O'Reilly
Jónína Guðrún Kristinsdóttir
Laufey Geirlausdóttir
María Guðrún Gunnlaugsdóttir
Ragnheiður Bjarnadóttir
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnheiður Erna Kjartansdóttir
Sarka Wohlmuthová
Valborg Steingrimsdóttir
Þóra Karítas Árnadóttir
Þóra Björk Ólafsdóttir
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir
Þórunn Elín Pétursdóttir

ALT

Arnbjörg Ösp Matthíasdóttir
Arngerður María Árnadóttir
Ása Lind Finnbogadóttir
Áslaug Thorlacius
Berglind Björgúlfsdóttir
Björg Sigurðardóttir

Carina Kramer
Emilía Guðmundsdóttir
Erla Elín Hansdóttir
Friða Sigríður Jóhannsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir
Guðrún Birna Jónsdóttir
Guðrún Katrín Eiríksdóttir
Helga Brá Árnadóttir
Helga Bragadóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrafnhildur Þórolfsson
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Bóasdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Sigríður Steinunn Stephensen
Sigrún Birna Björnsdóttir
Sigurbjörg Hvannadal Magnúsdóttir
Sigurlaug Vilbergsdóttir
Solveig Thorlacius
Valgerður Ólafsdóttir
Vilborg Ingólfsson
Þorgerður Erlingsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Ari Páll Kristinsson
Ágúst Arnórsson
Einar Thoroddsen
G. Vignir Karlsson
Guðmundur Vilhjálmsson
Hafsteinn Már Einarsson
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson
Halldór Hauksson
Halldór Unnar Ómarsson
Hjalti Þór Þórsson
Hjálmar Benónýsson
Jóhann Baldvínsson
Magnús Gíslason
Nikulás Hall
Nebojsa Colic

Oddur Smári Rafnsson
Pétur Björnsson
Sigurjón Jóhannsson
Stefán Þorleifsson
Steinar Frímansson
Sverrir Guðmundsson
Víkinger Viðarsson
Þengill Ólafsson
Þorkell Heiðarsson
Þórhallur Vilhjálmsson

BASSI

Atli Freyr Steinþórsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Arnarson
Egill Gunnarsson
Einar Örn Einarsson
Gísli Magnússon
Gunnar Örn Gunnarsson
Gunnar Andreas Kristinsson
Gylfi Hafsteinsson
Halldór Þórarinnsson
Hilmar Magnússon
Ingi Rafn Ólafsson
Ívar Örn Árnason
Jóhann Guðnason
Jón Geirfinnsson
Kristján Guðjónsson
Marcin Jan Cieslinski
Martin Kollmar
Sigurður H. Pálsson
Stefán Eggertsson
Steinar Logi Helgason
Sveinn Ingi Reynisson
Sverrir Jónsson
Sæberg Sigurðsson
Þórarinn Sigurðsson
Þórir Andri Karlsson
Ævar Kjartansson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

7. og 8. júní 2012

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Martin Frewer
Rósa Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Ari Þór Vilhjálmsson
Ágústa María Jónsdóttir

2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Helga Steinunn Torfadóttir
María Weiss
Kristján Matthíasson
Hlíf Sigurjónsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Joanna Bauer

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Helga Þórarinsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovisa Fjeldsted
Guðrún Th. Sigurðardóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARINETT

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason

FAGOTT

James Aylward
Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Eric Klay, bassabásúna

PÁKUR

Frank Aarnink

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson
Árni Áskelsson

Það er alltaf nóg að gera!

Borgun gerir það eins auðvelt og hægt er.



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN
AÚDVELDAR VIÐSKIPTI

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestasjóða
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, www.gamma.is



GAMMA
GAM Management hf